

Ársskýrsla

Snorrastofu í Reykholti
2024



Innihald

INNGANGUR	3
REKSTURINN	5
Fjárhagur	5
Endurnýjun samnings Snorrastofu og ríkisins	5
Aðhald í rekstri og öflugra reikningshald	5
Uppsögn samnings um hljóðleiðsögn	5
Ný lausn við hljóðleiðsögn	5
Fjarskipti og netnotkun	6
Kynningarmál	6
STJÓRN OG STARFSMANNAHALD	6
Yfirstjórn	6
Starfsfólk og fastir verktakar	7
Ábyrgðarfólk einstakra verkþátta	7
Sumarafleysingar	7
Ræsting	7
Launamál bókasafnsfræðings	8
Starfsmannaferðir og -samkomur	8
UMHVERFI OG FASTEIGNIR	8
Hirðumálin	8
Útgjöld vegna hirðu	8
Húsvarsla og fasteignir tengdar hirðu	9
Nýtt anddyri	9
Vegir í Reykholti	9
Ný brú yfir göng Snorra	9
Snorralaus	9
Aðstaða fyrir barnafjölskyldur	9
FRÆÐASTARF	9
Alþjóðleg stofnun	9
Ritmenning íslenskra miðalda (RÍM)	10
Pre-Christian Religions of the North	11
Bók með úrvali erinda frá Thoreau-ráðstefnunni	11
Verkefni um Harald harðráða	11
Ráðstefna í Edinborg	11
Ferð með forseta Íslands til Georgíu	12
Snorri og miðaldahöfundar Suðaustur-Evrópu og vesturhluta Asíu	12
Armenía	13
Fundur með miðaldafræðingum í Svíþjóð	13
GESTAMÓTTAKAN OG MIÐLUN	13
Gestamóttakan	13
Samdráttur	13
Leiðsögn og fyrirlestrar fyrir ferðamenn	13
Tilboð á bókum	14

Nýjar vörur til sölu í verslun.....	14
Ókeypis á snyrtingu	14
Staðan á google	14
Skólahúsið fyrir sýningar	15
Gerð líkans af bæ Snorra	15
VIÐBURÐIR	15
Fyrirlestrar í héraði	15
Dagur Snorra Sturlusonar.....	15
Laity, Religion and Literature in the Medieval North	16
Fyrirlestur á fullveldisdeginum.....	16
Shota Rustaveli á íslensku	16
ALMENNINGS- OG RANNSÓKNARBÓKASAFN.....	16
Skráning.....	16
Bókasafnið í Logalandi	17
Bókakaup.....	17
Höfðingleg gjöf	17
ANNÆÐ	17
Sturlufélagið.....	17

Inngangur

Sjálfseignarstofnunin Snorrastofa í Reykholti sinnir margvíslegri starfsemi til eflingar og kynningar á íslenskri menningu með rannsóknum og fræðslu um norræna sögu, menningu og bókmenntir sem tengjast Snorra Sturlusyni og Vesturlandi. Stofnunin rekur gestamóttöku og grunnsýningu um Snorra, en um leið sinnir hún almennri upplýsingaþjónustu um uppsveitir Borgarfjarðar og þær fornleifar sem rannsakaðar hafa verið á staðnum og eru sýnilegar gestum og gangandi.

Í Snorrastofu er bókhlaða þar sem safnað er bókum tengdum Snorra, auk almennra fræðiritum um miðaldir. Mikilvægur hluti bókakostsins er bókasafn dr. Jakobs Benediktssonar. Þá er boðið upp á almenna bókasafnsþjónustu fyrir íbúa svæðisins og þá fræðimenn sem gista og starfa í Snorrastofu.

Starfsemi stofnunarinnar fer fram í samnefndu húsi ásamt norðurálmu gamla skólans í Reykholti. Boðið er upp á gisti- og vinnuaðstöðu fyrir jafnt innlenda sem erlenda fræði- og listamenn. Þá leigir Snorrastofa út sali fyrir fundi, málþing og veislur, meðal annars í samvinnu við hótelið á staðnum, auk þess sem stofnunin sinnir húsvörslu í austurálmu skólahússins fyrir varaeintakasafn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

Starfið var ánægjulegt á árinu. Tekjur vegna gestamóttöku lækkuðu að vísu á milli ára, en hækkuðu á útleigu á fasteignum. Ferðaþjónustan á Íslandi hefur hægt og bítandi verið að dragast saman, og birtist það með skýrum hætti í Snorrastofu. Vísbendingar um þetta komu strax fram í maí, en heimsóknir skólabarna voru mun færri en árið áður. Snorrastofa er í góðu sambandi við aðra í ferðaþjónustu á Vesturlandi, og hafa allir sömu sögu að segja. Hið jákvæða er að veltan á kynningum og fyrirlestrum fyrir ferðamenn hefur verið svipuð og undanfarin ár. Gamlir viðskiptavinir hafa jafnvel aukið viðskipti sín við Snorrastofu. Fyrirlestrar Sigrúnar Þormar, sviðsstjóra Snorrastofu, fyrir ferðamenn eru lykilþáttur í starfsemi stofnunarinnar.

Hafist var handa við þróun nýrrar lausnar varðandi hljóðleiðsögn. Þá fékk Snorrastofa nýtt anddyri, sem var mikið framfaraspor. Stjórnvöld vinna enn að flutningi varaeintakasafns Landsbókasafns í Borgarnes, en vonast er til að Snorrastofa fái húsið er hýsir bókasafnið fyrir sýningar. Stofnuninni var að venju lokað í upphafi árs, eða frá 9. til 27. janúar.

Í rannsóknum Snorrastofu var einnig nóg um að vera. Verkefnið um ritmenningu íslenskra miðalda (RÍM) lauk fimmta og síðasta árinu. Þá var boðið upp á annað málþing verkefnis um Harald konung harðráða, nú í Ístanbul í Tyrklandi dagana 8.-11. september. Þá bauð verkefnið um Harald í lok júní upp á tvær málstofur á ráðstefnu í Edinborg um miðaldamenningu Miðjarðarhafsins.

Forstöðumaður var í viðskiptanefnd forseta Íslands í opinberri heimsókn hans til Georgíu í byrjun mars vegna fyrirhugaðs samstarfs Snorrastofu og norrænueldar Tíblisi-háskóla.

Boðið var upp á nokkra viðburði í Reykholti á árinu, opna fyrirlestra, Dag Snorra Sturlusonar þann 21. september, bókakynningu í desember og sk. Þrjóna-bóka-kvöld, sem eru kvöldsamkomur með baðstofublæ undir forystu Gíslínu Jensdóttur, bókasafnsfræðings Snorrastofu. Þá var í lok nóvember í Snorrastofu

ráðstefnan „Laity, Religion and Literature in the Medieval North“ á vegum Háskóla Íslands og Snorrastofu. Þá gekk starfræksla bókasafns vel.

Eins og fram kom í ársskýrslunni í fyrra hafa fjárframlög opinberra aðila til starfseminnar minnkað og er stofnunin því undirmönnuð. Þjóðkirkjan hefur tekið að sér hirðu Reykholts og hefur henni verið útvistað. Staðurinn hefur haldist fallegur, enda slætti sinnt með reglubundnum hætti.

Reykholti, 2. september 2025

A handwritten signature in blue ink, reading "Bergur Þorgeirsson". The signature is fluid and cursive, with the first name "Bergur" and the last name "Þorgeirsson" clearly distinguishable.

Bergur Þorgeirsson,
forstöðumaður Snorrastofu

Reksturinn

Fjárhagur

Tekjur Snorrastofu koma frá ríki, sveitarfélögum, sjóðum og einkaaðilum. Þá hefur stofnunin tekjur af heimsóknnum ferðamanna og útleigu á fasteignum. Tap varð af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 3.750.057 kr. fyrir afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi.

Endurnýjun samnings Snorrastofu og ríkisins

Þann 5. febrúar sl. undirrituðu Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, og Þorgeir Ólafsson, formaður stjórnar Snorrastofu, samning til næstu tveggja ára um áframhaldandi stuðning ráðuneytisins við Snorrastofu.

Aðhald í rekstri og öflugra reikningshald

Starfsmenn Snorrastofu hafa allt árið verið á bremsunni hvað varðar útgjaldaliði. Sparnaður og niðurskurður ætti að birtast með skýrum hætti árið 2025.

Leitað var til nýs endurskoðanda og sparaðist við það um 1,5 millj. kr.

Bókhald Snorrastofu hefur á síðustu tveimur árum verið fært í rafrænu formi, sem þýðir að 95% allra reikninga sem berast eru lesnir með rafrænum hætti inn í DK kerfið. Auk þess eru 95% allra sölureikninga sendir beint til viðskiptavina með rafrænum hætti.

Bankareikningar eru lesnir með rafrænum hætti inn í fjárhag og stemmdir af. Það hefur eftirfarandi í för með sér:

- Rafrænt bókhald dregur úr nauðsyn á endurskoðun. Möguleikinn á misferli er hverfandi og mannleg mistök ættu varla að vera til staðar.
- Öryggi er aukið að mun og þörfin fyrir eftirlit og endurskoðun verður því minni. Eftir sem áður eru ársreikningar sendir í kjölfar undirritunar stjórnar til Ríkisendurskoðunar.
- Sigrún Þormar sinnti áður bókhaldi að jafnaði tvo daga í viku, og er sá tími kominn niður í tvær klukkustundir á viku ef frá er dregin vinna við afstemmingar í lok bókhaldsárs. Þetta hefur gert að verkum að Sigrún hefur haft meiri tíma fyrir gestamóttöku, og þá ekki hvað síst leiðsögn og fyrirlestra fyrir ferðahópa.

Uppsögn samnings um hljóðleiðsögn

Sagt var upp samningi við Locatify, þjónustuaðila Snorrastofu hvað varðar hljóðleiðsagnir, bæði inni og úti. Var sú lausn sem Locatify bauð upp á bæði dýr og erfið í notkun og við afgreiðslu. Með uppsögninni sparast um 500 þús. kr. árlega, en sá sparnaður kemur fyrst fram á næsta ári þar sem Snorrastofa var bundin af samningi við fyrirtækið fram til 1. desember nk.

Ný lausn við hljóðleiðsögn

Breskur doktorsnemi búsettur hér á landi, Alan Searles, hefur boðist til að aðstoða Snorrastofu við þróun nýrrar lausnar varðandi hljóðleiðsögn, sem myndi byggja á

QR-kóðum. Lausnin verður Snorrastofu að kostnaðarlausu, enda tengist það doktorsverkefni hans.

Alan mun dvelja í fræðimannsíbúð Snorrastofu í upphafi næsta árs þar sem hann mun vinna að þessu verkefni með það í huga að það verði tilbúið fyrir vorið.

Snorrastofa er nefnilega eigandi allra textanna og hljóðskrána, sem eru á sjö tungumálum, og verður hægt að nýta öll þessi gögn með nýrri lausn.

Fjarskipti og netnotkun

Fyrirtækið Öruggr afritun tók yfir Microsoft áskriftir, hýsingu og símanotkun hjá Snorrastofu, og hófst innleiðingin í byrjun ágúst. Sparnaður verður um 40% á mánuði, eða því sem nemur um 80.000 kr mánaðarlega. Þessi sparnaður mun koma að fullu fram á næsta ári.

Kynningarmál

Auglýsingum í prentmiðlum er haldið í lágmarki. Ákveðið var að fara þessa leið eftir töluverða yfirlegu, meðal annars í samráði við Landnámssetur Íslands í Borgarnesi.

Áhersla var lögð á innri markaðssetningu í gegnum aðild að Samtökum um söguferðapjónustu (Sagatrail) og Markaðsstofu Vesturlands. Markmiðið er að halda áfram þessu aðhaldi í prentaðri kynningu, enda flest komið á netið. Það er orðið fátítt að menn ferðist með bækling í hönd.

Markaðsstofa Vesturlands frumsýndi nýtt myndband með kynningu á Borgarfirði (*The Silver Circle*) á uppskeruhátíð ferðapjónustunnar á Vesturlandi í Hjálmakletti í Borgarnesi þann 17. október. Var Sigrún Þormar kynnir myndbandsins, sem var að stórum hluta tekið upp í Reykholti. Var því um að ræða sérlega góða, en um leið ókeypis auglýsingu fyrir Snorrastofu.

Darren Adam hjá RÚV tók viðtal við Sigrúnu um starfsemi Snorrastofu fyrir svokallað RÚV English Radio. Sinnti Sigrún verkefninu í fjarveru forstöðumanns.

Þá tók Snorrastofa þátt í hinni árlegu ferðamálasýningu, Mannamótum, í byrjun ársins.

Stjórn og starfsmannahald

Yfirstjórn

Stjórn Snorrastofu er skipuð sem hér segir:

Þorgeir Ólafsson, fulltrúi Reykholtskirkjusóknar, sem jafnframt er formaður,
Katrín Heimisdóttir, fulltrúi Borgarbyggðar.

Brynja Þorbjörnsdóttir, sameiginlegur fulltrúi Skorradalshrepps og
Hvalfjarðarsveitar,

Halldór Guðmundsson, fulltrúi menningar- og viðskiptaráðuneytis.

Haukur Þorgeirsson, fulltrúi menningar- og viðskiptaráðuneytis, en
tilnefndur af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Starfsfólk og fastir verktakar

Bergur Þorgeirsson, forstöðumaður	100% staða
Sigrún Þormar, sviðsstjóri miðlunar og reikningshald	100% staða
Gíslína Jensdóttir, bókasafnsfræðingur og starfsmaður gestamóttöku (var í 70% starfi, en fór í 80% 1. júní)	80% staða
Tryggvi Konráðsson, umsjónarmaður hirðu og fasteigna	100% staða
Marzena Ewa Dukarska, ræsting (fram á sumar)	60% staða
Bailey Danielsson og ræsting til 1. desember	Afleysingar
Paul Tan, þjóðfræðingur (með styrk frá Gustav Adolfs Akademien)	Tímavinna
Sigrún Aðalheiður Ámundadóttir, gestamóttaka	Afleysingar
Geir Waage (sjálfboðaliði)	Fyrirlestrar
Pétur Davíðsson	Launabókhald

Starfsmannaskorturinn er tilfinnanlegur og orsakast af tekjuleysi í kjölfar niðurskurðar hjá ríki. Starfsmenn ásamt föstum verktökum, afleysingafólki og sjálfboðaliðum voru nú talsins. Ársverkin voru því einungis um fjögur. Greiðslu reikninga annaðist forstöðumaður og endurskoðun Gunnar Guðmundsson hjá Endár ehf.

Ábyrgðarfólk einstakra verkþátta

Forstöðumaður: Umsýsla, rannsóknir, alþjóðleg samskipti, útgáfumál, ritstjórn fyrirlestra og viðburða og þróun sýningarefnis og margmiðlunar í samvinnu við Sigrúnu Þormar.

Sigrún Þormar: Gestastofa, verslun, gisti- og fundaraðastaða, heimasíða, reikningshald og þróun sýningarefnis og margmiðlunar í samvinnu við forstöðumann. Hún er einnig staðgengill forstöðumanns.

Gíslína Jensdóttir: Almennings- og rannsóknarbókasafn, bókakaup og Þrjónabóka-kvöld.

Tryggvi Konráðsson: Hirða fasteigna ásamt húsvörslu varaeintakasafns Landsbókasafns-Háskólabókasafns í skólahúsinu.

Sumarafleysingar

Mannaráðningum í sumar var haldið í lágmarki. Í byrjun maí tók til starfa í afleysingum í gestamóttöku sænsk stúlka búsett í sveitinni, Bailey Danielsson, og var hún annar tveggja umsækjenda. Hún lauk störfum í lok ágúst.

Ræsting

Bailey Danielsson tók þann 1. september við ræstingu af Marzena Ewa Dukarska, sem hafði sinnt þrifunum í 16 ár. Um tímabundna ráðningu var að ræða til 1. desember.

Ræstingin snýst ekki einvörðungu um þrif á kirkjunum tveimur, húsnæði Snorrastofu, sýningaraðstöðu, salernum og skólahúsinu, heldur annast ræstitæknirinn einnig undirbúning herbergja, fræðimannsíbúðar og fundaraðstöðu fyrir útleigu.

Launamál bókasafnsfræðings

Vegna launaskriðs var ekki komist hjá því að leiðrétta laun Gíslínu Jensdóttur bókasafnsfræðings, en um leið var stöðugildi hennar fært úr 70% í 80%, ekki hvað síst vegna sívaxandi aðkomu hennar að gestamóttökunni. Þess má geta að Gíslína hóf störf í Snorrastofu árið 2001.

Starfsmannaferðir og -samkomur

Föstudaginn 5. janúar fóru starfsmenn Snorrastofu ásamt formanni stjórnar og mökum á leikritið Eddu í Þjóðleikhúsinu. Farið var út að borða fyrir leiksýninguna á Geira Smart við Hverfisgötu 30.

24. júlí var starfsfólki Snorrastofu og fólki tengt stofnunarinnar ásamt mökum boðið til Bessastaða. Guðni Th. Jóhannesson forseti gaf sér góðan tíma til að kynna húsakynninn og greina frá sögu staðarins. Bauð hann fyrst upp á kaffi og kökur og sinnti síðan leiðsögn um allt húsið, bæði ofan í kjallara, þar sem til sýnis eru merkar fornleifar, og upp á efri hæðina, sem í sinni tíð var bústaður forseta, og svaraði spurningum. Ástæður boðsins voru mikil tengsl Guðna við Snorrastofu, enda dvaldi hann í fræðimannsíbúð stofnunarinnar 18 sinnum í forsetatíð sinni.

Starfsmenn Snorrastofu fóru síðan ásamt mökum í vel heppnaða námsferð á söfn í Skagafirði 20.-21. ágúst. Eftirfarandi staðir voru sóttir heim: Þingeyrar (fornleifarannsóknin), Kakalaskáli, 1238: Baráttan um Ísland á Sauðárkróki og Glaumbær. Dvalið var á Hótel Tindastóli.

Snorrastofa var með jólaboð fyrir starfsmenn stofnunarinnar og maka 22. nóvember á Hótel Varmalandi (jólahlaðborð). Þá voru Snorrastofa og Reykholtskirkja með sameiginleg „litlu“ jól þann 19. desember.

Umhverfi og fasteignir

Hirðumálin

Þjóðkirkjan tók nú í ár við hirðunni í Reykholti, enda eigandi landsins, og var hún falin Þorsteini Guðmundssyni á Fróðárstöðum. Snorrastofa gerði tilboð í hirðuna upp á 12,3 millj. kr., en samtals bærust þrjú tilboð. Þess má geta að hirðan var alfarið á könnu Snorrastofu í samvinnu við Geir Waage í samtals 25 ár.

Útvistun á hirðu staðarins hefur þýtt minni hirðu en áður. Staðurinn er engu að síður fallegur, enda var slætti sinnt með reglubundnum hætti.

Tom Ovens, sem vann á árum áður við hirðu í Reykholti yfir sumartímann, sóttist eftir því að koma aftur og vildi vinna hálfan daginn í garðyrkju og sitja síðan á bókasafninu yfir doktorsritgerð sinni um klausturlíf fyrri alda. Því miður gat ekki orðið af komu hans fyrst hirðan var falin öðrum.

Útgjöld vegna hirðu

Snorrastofa greiddi Þjóðkirkjunni 5 millj. kr. fyrir hirðu 2024 og sá um að rukka Reykholtskirkju, Fosshótel Reykholt og Borgarbyggð um þeirra hlut í hirðunni.

Húsvarsla og fasteignir tengdar hirðu

Húsverði og umsjónarmanni með hirðu var sagt upp um leið og ljóst var að Þjóðkirkjan myndi taka við hirðunni, sem var strax í júní. Um leið var annarra leiða leitað í sambandi við húsvörslu og notkun á þeim fasteignum, er tengdust hirðunni.

Nýtt anddyri

Húsnæði Snorrastofu í tengiálmunni fékk loks viðhald á árinu ásamt nýju anddyri með tvöföldum glerdyrum með sjálfvirkri opnun. Þorvaldur Jónsson, bóndi í Brekkukoti og smiður, sem jafnframt var formaður safnaðarstjórnar Reykholtskirkju, stýrði framkvæmdinni. Um er að ræða innganginn að gestamóttöku Snorrastofu og safnaðarsal kirkjunnar. Þessi framkvæmd breytir miklu fyrir starfsemi Snorrastofu, aðgengið að gestastofunni og sýningunni „Sögu Snorra“ batnaði og aðkoman varð meira aðlaðandi.

Vegir í Reykholti

Innkeyrslan í Reykholt er í slæmu ásigkomulagi, en þessi vegur er meðal annars aðkoman að gestastofu Snorrastofu. Enginn telur sig bera ábyrgð á vegum í Reykholti, þ.e. Vegagerðin, þjóðkirkjan og sveitarfélagið, og bitnar það beint á aðkomunni að Snorrastofu.

Ný brú yfir göng Snorra

Unnsteinn Elíasson steinsmiður vann snemma árs að gerð brúar yfir göngin við Snorralaug og fjármagnaði Minjastofnun Íslands verkið, sem unnið var að forsögn Magnúsar A. Sigurðssonar, minjavarðar Vesturlands.

Snorralaug

Í kjölfar brúarsmíðinnar lagfærði Unnsteinn rennslið frá hvernum Skriflu yfir í Snorralaug, en vegna bilunar hafði það verið heldur lítið í töluverðan tíma.

Aðstaða fyrir barnafjölskyldur

Því miður hefur ekki enn tekist að fá fjármagn fyrir gerð aðstöðu fyrir barnafjölskyldur í Reykholti og er það miður. Hefur öllum umsóknum um fjárstyrk til verkefnisins verið hafnað.

Fræðastarf

Alþjóðleg stofnun

Þegar Snorrastofa hóf daglega starfsemi haustið 1998 var það á forsendum alþjóðlegra rannsókna. Björn Bjarnason, þáverandi menntamálaráðherra, lagði áherslu á að Snorrastofa yrði alþjóðleg rannsóknarstofnun á sviði miðaldafræða, og það sama ár kom hann á fót nefnd sem mótaði framtíðarsýn Snorrastofu og kynnti niðurstöður sínar í ársbyrjun 1999. Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar átti að kanna og gera tillögur um hvernig komið verði á fót í Reykholti rannsóknarstarfsemi í íslenskum og evrópskum miðaldafræðum innan vébanda

Snorrastofu, en með samstarfsaðild Háskóla Íslands og fleiri innlendra og erlendra fræðastofnana eftir því sem henta þykir. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að meðal verkefna á sviði miðaldafræða í Snorrastofu ættu að vera „Þing eða ráðstefnur með þátttöku innlendra og erlendra fræðimanna“, eins og það var orðað. Síðan segir að gefin yrðu út ráðstefnurit og að auki skapaður vettvangur fyrir umræður og upplýsingamiðlun á netinu. Stofnunin ætti að vinna „Rannsóknarverkefni á ýmsum sviðum miðaldafræða“ og „gæti t.d. styrkt fræðimenn til að rannsaka ákveðin efni, boðið þeim upp á dvalaraðstöðu í Reykholti og beitt sér fyrir kynningu viðkomandi rannsóknarefnis, t.d. með útgáfu, námskeiðum, málstofum eða fyrirlestrum“. Að lokum segir að stofnunin þurfi bættan bókakost og formlega samstarfssamninga við helstu samstarfsaðila.

Þetta hefur allt komist í framkvæmd, enda hafa forstöðumaður og stjórn stofnunarinnar tekið þessi ákvæði í niðurstöðum nefndarinnar alvarlega. Samstarfssamningar hafa verið gerðir við ýmsar stofnanir, og bókasafnið, sem skiptist í rannsóknarbókasafn og almenningabókasafn, telur nú um 60 þús. bindi. Þá hefur stofnunin staðið fyrir fjölda rannsóknarverkefna þrátt fyrir takmörkuð auraráð.

Um leið og niðurstaða nefndarinnar var kynnt hóf Snorrastofa alþjóðlegt samstarf, sem meðal annars miðast við að koma Snorra sem víðast á framfæri. Um leið hefur verið unnið að samvinnu á sviði almennra rannsókna og annarra samskipta í tengslum við forníslenskar bókmenntir og miðaldarit hinna ýmsu menningarsvæða.

Snorrastofa hefur nú þegar gefið út, bæði á eigin vegum og í samvinnu við aðra, samtals 24 rit, meðal annars með niðurstöðum rannsókna, og eru fjögur ný á leiðinni.

Stofnunin hefur því alveg frá byrjun þróað samstarf við ýmsar erlendar stofnanir vegna verkefna er varða Snorra og forníslenskar bókmenntir. Er meðal annars um að ræða Háskólann í Tíblisi í Georgíu, The Thoreau Society í Bandaríkjunum, háskólana í Edinborg, York, Durham, Sidney, Berkeley, Björgvin, Tromsø, Osló, Växjö, Stokkhólmi, Árósum, Ístanbúl (Marmara University og Koç University) og Gautaborg, Slottefjellsmuseet í Tønsberg, Stiklastaði, kastalabæinn Gradara á Ítalíu, og sænskar rannsóknarstofnanir í Ístanbúl og Jerúsalem.

Samvinnan hefur getið af sér verkefni, sem gagnast hafa í því sem nefna má útbreiðslustarfsemi um Snorra Sturluson, enda eru vegna sterkrar stöðu Snorra sóknarfærin mörg.

Með þessum hætti er unnið nákvæmlega í samræmi við skipulagskrá Snorrastofu og væntingar menntamálaráðherra og nefndar hans frá 1998. Forstöðumaður er þeirrar skoðunar að þessi hlið starfsemi Snorrastofu hafi gengið framár vonum og vonandi gera stjórnvöld stofnuninni kleift að halda áfram þessum mikilvæga þætti í starfseminni.

Ritmenning íslenskra miðalda (RÍM)

Úthlutunarnefnd verkefnisins um ritmenningu íslenskra miðalda skilaði af sér niðurstöðum fyrir árið 2024, sem var lokaár verkefnisins. Það er almennt talið hafa gengið vel og verður vonandi hægt að endurnýja það á næstu árum.

Pre-Christian Religions of the North

Ekkert er að fréttu af útgáfu sjöunda og síðasta bindis verkefnisins The Pre-Christian Religions of the North (PCRN) vegna veikinda ritstjórans. Um er að ræða sérstakt bindi með úrvali frumheimilda um norræna goðafræði.

Bók með úrvali erinda frá Thoreau-ráðstefnunni

Gefin verður út bók með úrvali frá ráðstefnu Snorrastofu frá því 2022, „Thoreau and the Nick of Time“. Kathryn C. Dolan, John J. Kucich og Henrik Otterberg ritstýra verkinu og ritaði forstöðumaður stuttan formála. Útgefandi er Mercer University Press.

Verkefni um Harald harðráða

Snorrastofa stóð í samvinnu við ýmsa aðila fyrir ráðstefnu um Harald konung harðráða í Ístanbul 8. til 11. september. Hugmyndin að ráðstefnunni, og þá ekki hvað síst staðsetningu hennar kom frá Snorrastofu, en verkefnisstjórn var í höndum Gianluca Raccagni, dósents í sagnfræði við Edinborgarháskóla, í náninni samvinnu við forstöðumann og Olof Heilo, forstöðumann Svenska Forskningsinstitutet í Ístanbul, sem hýsti ráðstefnuna. Húsfyllir var á ráðstefnunni og var Snorri Sturlusom miðpunkturinn. 32 manns komu frá 13 löndum.

Stjórn Snorrastofu samþykkti þátttöku í þessu verkefni á fundi sínum 20. maí 2021. Í fundargerðinni segir meðal annars: „Snorrastofa er samstarfsaðili ásamt ýmsum stofnunum en ítalskur fræðimaður í Edinborg stýrir verkefninu. Ætlunin er að safna öllum heimildum um Harald harðráða, rannsaka þær og miðla niðurstöðum á fjölbreyttan hátt, m.a. með borðleikjum tengdum hernaði miðalda, þar á meðal krossferðum“.

Nýjasti viðkomustaðurinn á þessari vegferð Snorrastofu að sinna Snorra í hinu alþjóðlega samhengi var því Mikligarður. Sænska stofnunin, sem hýsti ráðstefnuna minnir um margt á Snorrastofu, en aðrir samstarfsaðilar fyrir utan Edinborgarháskóla voru Koç University í Ístanbul, Háskóli Íslands og York University.

Þemað var staða kvenna í tengslum við Harald, „Women and Power“. Um var að ræða annað málþingið af fimm um konunginn. Þar sem Snorri er aðalheimildin um Harald var boðið upp á fyrsta málþingið í Snorrastofu og fjallaði það um þær heimildir sem til eru um þennan fræga konung, en hans er víða getið í samtímaheimildum, jafnvel grískum og arabískum. Yfirskrift verkefnisins í heild sinni er „Harald Hardrada, the Mediterranean, and the Nordic World between the late Viking Age and the Eve of the Crusades“.

Þess má geta að krossferðirnar eru taldar hafa hafist árið 1095, en Haraldur yfirgaf Miklagarð að öllum líkindum árið 1042 og var hann þá þegar búinn að sækja Jerúsalem heim. Í Miklagarði átti hann glæstan feril sem Væringjaforingi.

Samið hefur verið við Brepols í Belgíu um útgáfu á afurðum verkefnisins.

Ráðstefna í Edinborg

24.-27. júní sótti forstöðumaður ráðstefnu í Edinborg um miðaldamenningu Miðjarðarhafsins, „The Eighth International Conference of the Society for the Medieval Mediterranean“, sem Society for the Medieval Mediterranean in Edinburgh stóð fyrir. Þema ráðstefnunnar var „Being Human: Rhythms, Actions, Inter-actions in the Medieval Mediterranean“. Verkefnið um Harald var með tvær málstofur á ráðstefnunni, sem haldin var í Háskólanum í Edinborg, eða samtals sex

fyrirlestra. Þar flutti forstöðumaður fyrirlestur um Örvar-Odd og Yngvar víðförla og tengsl þeirra við Miklagarð og Miðjarðarhafið. Ræddi hann framsetningu Snorra á Haraldi harðráða og annarra sagnfræðilegra verka um norska konunga og hvernig slíkt efni hafi smitast yfir í fornaldarsögur Norðurlanda. Titillinn var „Fantastical Vikings in the Sun. The Links Between Harald Hardrada and Arrow-Odd“.

Ferð með forseta Íslands til Georgíu

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, hélt í opinbera heimsókn til Georgíu mánudaginn 4. mars. Þetta var fyrsta heimsókn af þessu tagi til Georgíu og var henni ætlað að efla tengsl þjóðanna á sviði loftslagsmála, grænna lausna og menningarmála.

Forstöðumaður var í viðskiptanefnd forsetans vegna fyrirhugaðs samstarfsverkefnis við norrænudeild Tíblisi-háskóla. Þann 6. mars sat forstöðumaður fund forsetans, rektors skólans og Kakhaber Loria, forstöðumanns norrænudeildar háskólans. Rætt var um fyrirhugaða samvinnu Snorrastofu og háskólans á sviði rannsókna og annarra samskipta í tengslum við forníslenskar bókmenntir og miðaldarit Georgíumanna. Í tilefni af fundinum flutti forsetinn fyrirlestur í hátíðarsal skólans með yfirskriftinni „The power and pitfalls of patriotism in a globalized world.“

Snorrastofa og Háskólinn í Tíblisi gengu síðan frá formlegum samningi í júní, sem er bæði bundinn við miðaldir og almenn samskipti á hvaða sviði sem er, sbr. „...of promoting a shared interest in the Middle Ages, as well as to contribute to increased European cooperation. The collaboration agreement will support professional connections and expand the collaboration to cover new areas and activities within research and education“. Samningurinn gildir því ekki bara um norrænu deildina og er af því tilefni verið að skoða þann möguleika að Háskóli Íslands nýti sér samninginn.

Snorri og miðaldahöfundar Suðaustur-Evrópu og vesturhluta Asíu

Nokkrir forníslenskir textar fjalla um Tyrkland, Georgíu og nágrenni. Má þar nefna fyrrgreinda Haraldr sögu Snorra og fleiri sagnaritara, Bolla þátt Bollasonar, Spesar þátt, lokakafli Grettis sögu, Örvar-Odds sögu og fornaldarsöguna Yngvars sögu víðförla, sem hugsanlega er eftir Odd Snorrason, munk í Þingeyraklaustri.

Ýmis áhugaverð skáld voru samtíða Snorra í Suðaustur-Evrópu og vesturhluta Asíu og er markmiðið að fara í samanburðarrannsóknir á bókmenningu miðalda á þessum menningarsvæðum í samvinnu við þarlendar stofnanir.

Armenía býður upp á rithöfundinn Mkhitar Gosh, sem mun að mörgu leyti vera líkur Snorra. Í Georgíu höfum við þjóðskáldið Shota Rustaveli og í nokkrum löndum þarna í kring var persneska miðaldaskáldið og heimspekingurinn Jalaluddin Rumi (1207-1273) frá héraðinu Khorasan, sem skiptist milli Írans, Turkmenistans og Afganistans. Ljóð hans hafa verið þýdd á fjölda tungumála og árið 2020 kom út íslensk þýðing Kristins Árnasonar, *Ljóðasafn Rumi - Söngur reysins*. Þetta er auðvitað bara brot af því sem þessi menningarsvæði hafa upp á að bjóða.

Alireza Taghdarreh, þýðandi Walden eftir Thoreau í Íran, mun hugsanlega taka þátt í verkefninu. Þá ber þess að geta að hann og eiginkona hans, Maryam Ashoori, hafa áhuga á að þýða Snorra-Eddu yfir á farsí eða persnesku.

Líklegt er að háskólar í Osló, Uppsölum og Ístanbúl vilji taka þátt í verkefninu ásamt Edinborgarháskóla. Svona verkefni tengist auðvitað með skemmtilegum hætti verkefninu um Harald harðráða.

Armenía

Kakhaber Loria, forstöðumaður Center for Scandinavian Studies við Tíblisi-háskóla, og Michaela Krejčová, vinna að því að tengja Snorrastofu við Yerevan í Armeníu. Í júlí heimsótti Krejčová handritasafnið Matenadaran í Yerevan og lagði hún til að Snorrastofa myndi vinna með þessu merka safni.

Fundur með miðaldafræðingum í Svíþjóð

Forstöðumaður fundaði með miðaldafræðingum í félaginu „Det svenska medeltidssällskapet“ í Gautaborg í byrjun júní.

Gestamóttakan og miðlun

Gestamóttakan

Sumaropnun Snorrastofu stóð yfir frá 27. apríl til 31. ágúst og var því opið alla daga milli 10 og 17, en ekki einungis virka daga eins og á veturna. Haft var hins vegar opið páskahegina, rétt eins og í fyrra, og sá forstöðumaður um að standa þá vakt.

Forstöðumaður stendur að öðru leyti öðru hverju vaktina í gestamóttöku Snorrastofu vegna aðhalds í rekstri.

Samdráttur

Ferðapjónustan á Íslandi hefur hægt og bítandi verið að dragast saman, og birtist það með skýrum hætti í Snorrastofu. Vísbendingar um þetta komu strax fram í maí, en heimsóknir skólabarna voru mun færri en árið áður.

Snorrastofa er í góðu sambandi við aðra í ferðapjónustu á Vesturlandi, t.d. Landnámssetrið, og hafa allir sömu sögu að segja. Sama gildir t.d. um Kakalaskála og Glaumbæ fyrir norðan.

Töluverð lækkun varð á veltu gestamóttöku milli áranna 2023 og 2024, eða 5,1 millj. kr., fór sem sagt úr 31 millj. kr. árið 2023 niður í 25,9 millj. kr. Kostnaður vegna innkaupa í tengslum við gestamóttökuna minnkaði að sama skapi, fór úr tæpum 22 millj. kr. í 17 millj. kr.

Veitingasala á fyrirlestrum hefur dregist mikið saman þar sem ferðaskrifstofur eru farnar að spara slíkt við sig. Þá hefur sala minjagripa og bóksala einnig minnkað milli ára.

Leiðsögn og fyrirlestrar fyrir ferðamenn

Hið jákvæða við gestamóttökuna nú í ár er að veltan á kynningum og fyrirlestrum hefur verið svipuð og undanfarin ár. Sumir gamlir viðskiptavinir hafa jafnvel aukið viðskipti sín við Snorrastofu, og má þar nefna bandaríska hópa á vegum Road Scholar og Hey Iceland.

Hins vegar hafa aðrir dottið út, og má þar nefna að sænska ferðaskrifstofan Christer's resor, sem komið hefur árlega í Snorrastofu með fjölda gesta, afpantaði allar heimsóknir í vor, en illa gekk að selja í ferðir til Íslands sökum hins háa verðlags á Íslandi og veikrar sænskrar krónu. Hefur heimsóknum Svía og Norðmanna fækkað verulega frá því sem áður var.

Danskir hópar voru hins vegar áberandi í sumar og er skýringin hagstætt gengi dönsku krónunnar. Tókst Sigrúnu Þórmari að fá danska ferðaskrifstofu til að kaupa reglubundið pakka með leiðsögn, sem gekk vel og mun ferðaskrifstofan trúlega halda áfram viðskiptum við Snorrastofu næsta sumar.

Sigrún og forstöðumaður hafa alfarið sinnt þessum fyrirlestrum og kynningum. Geir Waage tók sem sjálfbóðaliði á móti fjórum hópum skólabarna.

Dæmi um heimsóknir hópa fyrir utan hefðbundna ferðamenn: Starfsmannafélag dómsmálaráðuneytisins, starfsfólk Sendiráðs Kína, fulltrúar Forseta Íslands vegna undirbúnings á opinberri heimsókn Finnlandsforseta, starfsfólk Þjóðminjasafns, hópar fyrrverandi nemenda ýmissa skóla, ýmsir klúbbar, Leiðsögumannaskólinn og innlendir sem erlendir meistaranemar í miðaldafræðum við Háskóla Íslands.

Tilboð á bókum

Kynnt var um miðjan mars tilboð á bókum gefnum út af Snorrastofu. Bækur í ritröð stofnunarinnar fást nú með 20% afslætti ef keyptir eru fjórir titlar eða fleiri.

Nýjar vörur til sölu í verslun

Snorrastofa lét framleiða fyrir sig vörur merktar stofnuninni, þ.e. boli, álflöskur, krúsir, segla, viskustykki og taupoka, allt með mynd af styttu Vigelands af Snorra, sem Gunnar Freyr Gunnarsson ljósmyndari tók. Gaf hann góðfúslega leyfi sitt fyrir notkun myndarinnar Snorrastofu að kostnaðarlausu.

Ókeypis á snyrtingu

Sú ákvörðun fyrir tveimur árum síðan að hafa ókeypis á snyrtingu í Snorrastofu hefur gefið góða raun. Áður kostaði aðgangurinn 200 kr., sem þýddi mikið bras við að fylgja innheimtunni eftir. Hið nýja fyrirkomulag hefur skapað aukinn velvilja hjá ferðapjónustuaðilum. Þá hefur vörusala hugsanlega aukist vegna þessa, en það er erfitt að meta.

Staðan á google

Meðaleinkunn Snorrastofu á google er 4,3, sem er fínt. Samtals eru komnar 164 umsagnir, sem gerir einkunnina marktæka.

Dæmi um góðar umsagnir: „Definitely a cool museum that teaches incredible Icelandic history. Highly recommend“, „It was very informative about how Iceland got all the Sagas and stories“ og „Amazing museum. All the people knows Iceland for its great nature. But I have to confess, cultural part of this country is hidden for most of the tourists. So I highly recommend you never miss this museum if you are interested in ancient culture of Iceland“.

Og hér er ein, sem er bæði jákvæð og neikvæð, en frá því þessi umsögn birtist hefur komið hljóðleiðsögn: „Printed posters on walls do not a museum make. There are no substantial exhibition pieces on display or a good reason to pay the entrance fee. Outside are lovely walking paths through and around

Snorri's ancient homestead. Free for all to enjoy in wonderful Reykholt“. Aðeins ein var alfarið neikvæð: „Boring“!

Skólahúsið fyrir sýningar

Menningar- og viðskiptaráðuneytið vinnur enn að flutningi varaeintakasafns Landsbókasafns í Borganes. Forstöðumaður fundaði um nýtingu skólahússins með Lilju D. Alfreðsdóttur ráðherra þann 3. október.

Erlendir gestir á Degi Snorra Sturlusonar þann 21. desember voru einnig hugsaðir sem ráðgjafar í sambandi við sýningarhald í skólahúsinu, og með komu þeirra voru því tvær flugur slegnar í einu höggi.

Gerð líkans af bæ Snorra

Báðum umsóknum um styrk til smíði líkans af bæ Snorra hefur verið hafnað.

Viðburðir

Fyrirlestrar í héraði

23. júlí var boðið upp á fyrirlestur Jóns Viðars Sigurðssonar, prófessors við Háskólann í Osló. Fyrirlesturinn fjallaði með skilmerkilegum hætti um hagkerfi víkingaaldar og landnám Íslands. Kom Jón sérstaklega inn á mikilvægi ullarvinnslu fyrir efnahag landsins, aðallega vegna framleiðslu á seglum víkingaskipa.

Dagur Snorra Sturlusonar

Á Degi Snorra Sturlusonar laugardaginn 21. september var boðið upp á borðspilaviðburð milli 13 og 15 með hliðsjón af Haraldar sögu harðráða og fleiri forníslenskum viðfangsefnum. Klukkan 16 var síðan boðið upp á málþing með sjö erindum innlendra og erlendra gesta ásamt tónlist. Þema dagsins var „Snorri og ritmenning íslenskra miðalda“.

Vettvangur borðspilanna var Finnsstofa inn af sýningarsal Snorrastofu. Setið var við tvö borð, annað með stríðsleik undir stjórn James Holloway, leikjahönnuðar frá Cambridge, sem byggðist á Haraldar sögu harðráða eftir Snorra, en hitt með hlutverkaleik byggðum á forníslenskum sögum, sem Pedro Ziviani, Brasilíumaður búsettur í Reykjavík, stjórnaði. Þessi þáttur dagsins var haldinn í samvinnu við Game Lab við Edinborgarháskóla.

Hin formlega dagskrá hófst síðan kl. 16 með setningarávarpi Lilju D. Alfreðsdóttur, ráðherra menningarmála, sem Arna Kristín Einarsdóttir, skrifstofustjóri í menningarráðuneytinu flutti fyrir hennar hönd. Í máli hennar kom skýrt fram afdráttarlaus stuðningur ráðuneytisins við starf Snorrastofu, ekki síst fræðslu- og útbreiðsluþætti starfseminnar. Í því samhengi kynni nýstárleg miðlun sögunnar með borðspilum að vera vænleg til að kveikja áhuga ungmenna á sögu lands og þjóðar.

Boðið var upp á kynningu á væntanlegri gerð líkans af bæ Snorra og hlutverki leikja við miðlun miðaldasögunnar. Eftirfarandi erlendir gestir hátíðarinnar sáu um kynninguna: Sagnfræðingurinn Gianluca Raccagni, dósent við

Edinborgarháskóla, fyrrgreindir James Holloway og Pedro Ziviani og Federico Mammarella, forstöðumaður upplýsingamiðstöðvar ferðamanna og safnstjóri kastalans í Gradara á Ítalíu.

Forstöðumaður lýsti starfsemi Snorrastofu í erindi sínu „Snorri í Ístanbul“. Í kjölfarið komu síðan áhugaverð erindi á fræðasviðinu, erindi Óskars Guðmundssonar, „Snorraskólinn“, Guðrúnar Nordals, „Rannsóknir á ritmenningu íslenskra miðalda“, Gottskálks Þórs Jenssonar, „Ritmenningin á Þingeyrum í ljósi fornleifanna“ og Torfa H. Tulinius, „Kristin nýgerving í heiðnu kvæði. Um Sonatorrek í Egils sögu.“.

Dagskrárstjórn annaðist séra Geir Waage. Félagar úr Reykholtskórnum fluttu nokkur lög undir stjórn Hólmfríðar Friðjónsdóttur. En samkomunni sleit Þorgeir Ólafsson, formaður stjórnar Snorrastofu

Laity, Religion and Literature in the Medieval North

Í lok nóvember stóðu Háskóli Íslands og Snorrastofa fyrir ráðstefnunni „Laity, Religion and Literature in the Medieval North“, en verkefnið hlaut styrk úr sjóðnum um ritmenningu íslenskra miðalda (RÍM).

Fyrirlestur á fullveldisdeginum

Guðni Th. Jóhannesson, fyrrverandi forseti Íslands, flutti áhugaverðan fyrirlestur í Snorrastofu á fullveldisdeginum 1. desember. Yfirskriftin var „Stjórnarmyndanir á Íslandi frá upphafi til okkar daga“ og reifaði Guðni stjórnarmyndunarviðræður í sögulegu ljósi og lýsti að lokum eigin glímu í því samhengi undanfarin ár. Í kjölfarið gafst tækifæri til að ræða málin nánar í kaffisamsæti í Finnsstofu inn af sýningarsal Snorrastofu.

Guðni, sem nú starfar sem prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, dvaldi í fræðimannsíbúð Snorrastofu í byrjun desember við rannsóknir.

Shota Rustaveli á íslensku

Sendiráð Georgíu gagnvart Íslandi, Hrannar B. Arnarsson, kjöræðismaður Georgíu á Íslandi, Borgarbókasafnið, Landsbókasafn og Snorrastofa buðu til opins viðburðar þann 6. desember í Borgarbókasafninu þar sem kynnt var fyrsta íslenska útgáfan á verki georgíska miðaldaskáldsins Shota Rustaveli, *The Knight in the Panther's Skin* (valdir kaflar).

Forstöðumaður flutti þar fyrirlestur er hann nefndi „Rustaveli, Rumi and Snorri. Bridge building between cultures“. Aðrir fyrirlesarar voru Nata Menabde, sendiherra, Nino Paniashvili, þýðandi, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, landsbókavörður og Barbara Helga Guðnadóttir frá Borgarbókasafninu.

Almennings- og rannsóknarbókasafn

Skráning

Stöðugt er unnið að skráningu á bókakosti Snorrastofu, sem nú telur um 60.000 bindi. Vegna manneklu er bókavörður Snorrastofu einnig nýttur í gestamóttökuna, þannig að eilífðarverkefnið að skrá mætir afgangi.

Bókasafnið í Logalandi

Bækurnar úr bókasafni Ungmennafélags Reykdæla í félagsheimilinu Logalandi eru á leið í bókasafn Snorrastofu með viðkomu í geymslum Landsbókasafns í Reykholti. Um er að ræða 43,5 kassa og hillur, sem duga fyrir bókakostinn.

Ekki komu allar bækurnar í Reykholt. Tekið var til í bókasafnsherberginu í Logalandi og komið skikki á bækur, sem félagið vill ekki láta frá sér. Þetta er í samræmi við samning Snorrastofu og félagsins.

Þær bækur, sem ekki voru beinlínis gefnar og fluttar í Snorrastofu voru engu að síður skráðar í safndeildina „Logaland“ í Landskerfi bókasafna (Gegni) undir Snorrastofu. Í samningnum kemur fram, að með því móti gæti Snorrastofa fengið afnot af bókunum í Logalandi ef þyrfti og skilað þeim aftur þangað - nema um annað semdist.

Bókakaup

Þrátt fyrir erfiðan fjárhag eru nýjar bækur á sviði miðaldafræða keyptar, en slík innkaup eru í lágmarki.

Höfðingleg gjöf

Snorrastofa mun á næstu árum fá eitthvað á bilinu 80 til 100 millj. króna að gjöf til notkunar fyrir uppbyggingu bókasafnsins. Nafn hins íslenska gefanda og tilhögun gjafarinnar, sem búið er að festa í erfðaskrá viðkomandi, er trúnaðarmál. Forstöðumaður fundaði nokkrum sinnum með gefanda og lögfræðingi hans í upphafi árs.

Annað

Sturlufélagið

Forstöðumaður er ritari í stjórn Sturlufélagsins í Dalasýslu, sem annast uppbyggingu að Staðarhóli og stendur fyrir árlegum og vinsælum Sturlustefnum.